

AUGLÝSING

**um gildistöku breytinga á alþjóðasamþykkt frá 12. maí 1954
um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu.**

Hinn 20. janúar 1978 taka gildi breytingar sem gerðar voru hinn 21. október 1969 á alþjóðasamþykktinni frá 12. maí 1954 um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu.

Breytingarnar voru fullgiltar af Íslands hálfu hinn 5. mars 1970, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum C-deild nr. 17/1970, þar sem samþykktin með áorðnum breytingum er birt.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 29. desember 1977.

Einar Ágústsson.

Henrik Sv. Björnsson.